



*Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar
Helgi Grímsson, sviðsstjóri
Borgartúni 12-14
105 Reykjavík*

Eftirfylgniúttekt – Úthlutun fjárhagsramma og rekstur – lokaskýrsla

Innri endurskoðun og ráðgjöf hefur lokið eftirfylgni með úttekt á úthlutun fjárhagsramma og rekstri er gefin var út í júlí 2019.

Í úttektinni var lagt til grundvallar að kanna hver viðbrögð skóla- og frístundasviðs hafa verið við þeim ábendingum sem settar voru fram í skýrslunni árið 2019.

Niðurstöður þessarar eftirfylgni eru að af þeim 24 ábendingum sem gerðar voru í úttektinni 2019 er ellefu ábendingum lokað, tólf ábendingar eru í vinnslu og ein ábending er útistandandi. Nánar má sjá um niðurstöðurnar í meðfylgjandi skýrslu.

Óskað er eftir að kynna helstu niðurstöður fyrir skóla- og frístundaráði.

Virðingarfyllst,


Hallur Símonarson
innri endurskoðandi Reykjavíkurborgar

*Hjálagt:
Úthlutun fjárhagsramma og rekstur – eftirfylgniskýrsla, dags. 6. apríl 2022*

*Afrit:
Skúli Helgason, formaður skóla- og frístundaráðs
Kristján Gunnarsson, fjármálastjóri SFS*



INNRI ENDURSKOÐUN
OG RÁÐGJÖF



EFTIRFYLGNI MEÐ SKÝRSLU

GRUNNSKÓLAR REYKJAVÍKUR

ÚTHLUTUN FJÁRHAGSRAMMA OG REKSTUR

Útgefin í júlí 2019

Efnisyfirlit

INNGANGUR	2
1 MARKMIÐ OG AÐFERÐARFRÆÐI.....	3
2 MEGINNIÐURSTÖÐUR.....	3
3 STAÐA ÁBENDINGA 2022	5
VIÐAUKI 1 – ÁHÆTTUFLOKKUNARKERFI ÁBENDINGA IER.....	14

INNGANGUR

Innri endurskoðun og ráðgjöf (hér eftir IER) veitir óháða og hlutlæga staðfestingu og ráðgjöf sem ætlað er að vera virðisaukandi og bæta rekstur Reykjaíkurborgar. IER starfar á grundvelli alþjóðlegra staðla (*International Standards for the Professional Practice of Internal Auditing*) en þar er meðal annars sett fram skilgreining á innri endurskoðun, siðareglur og viðmið um faglega framkvæmd innri endurskoðunar.

IER ber að gæta hlutleysis í störfum sínum og starfa óháð þeim rekstrareiningum sem hún endurskoðar. Starfsmenn IER starfa samkvæmt siðareglum alþjóðasamtaka innri endurskoðenda sem fela í sér það siðferðislega gildismat sem starfsmenn eiga að hafa að leiðarljósi í störfum sínum og um leið varðveita og efla það traust og þann trúverðugleika sem IER ber að hafa. Í stöðlunum er tilgreint að IER skuli meta stjórnarhætti, áhættustýringu og innra eftirlit ásamt því að gera viðeigandi tillögur um úrbætur á ferlum og hvetja þar með til stöðugra úrbóta.

1 MARKMIÐ OG AÐFERÐARFRÆÐI

Á endurskoðunaráætlun IER sem nú er í gildi var á dagskrá eftirfylgniúttekt vegna úttektar á úthlutun fjárhagsramma og rekstri (IE18040009 og IE18050002) sem lauk í júlí árið 2019. Markmið eftirfylgniúttektarinnar nú er að kanna hver viðbrögð skóla- og frístundasviðs (hér eftir SFS) hafa verið við þeim ábendingum sem settar voru fram í þeirri skýrslu.

Í úttektinni árið 2019 voru settar fram 24 ábendingar. Þar af voru 17 ábendingar áhættumetnar gular og 7 ábendingar voru áhættumetnar appelsínugular. Engin ábending var áhættumetin rauð. Í töflu 1 hér að neðan má sjá hvernig skipting ábendinga var eftir áhættuflokkun í skýrslu IER árið 2019. Nánari umfjöllun um áhættuflokkun ábendinga er að finna í viðauka 1.

Áhættuflokkun ábendinga 2019	
<i>Lítill áhætta</i>	17
<i>Nokkur áhætta</i>	7
<i>Mikil áhætta</i>	0
Úrbótum ólokið	24

Tafla 1: Fjöldi ábendinga og áhættuflokkun 2019.

Í júlí 2021 skipaði sviðstjóri SFS starfshóp um úrvinnslu þeirra ábendinga sem IER setti fram í skýrslu sinni árið 2019. Var sviðsstjóri SFS jafnframt ábyrgðarmaður starfshópsins. Í erindisbréfi hópsins kemur fram að hópurinn njóti ráðgjafar og vinni í samstarfi við annað starfsfólk fagskrifstofu grunnskóla og fjármálaþjónustu sem og aðrar starfseiningar Reykjavíkurborgar þar sem er snertiflötur við starf hópsins. Helstu verkefni starfshópsins samkvæmt erindisbréfinu voru m.a. eftirfarandi:

- Koma með tillögur um viðbrögð við ábendingum, nr. 1 – 24 í skýrslu IER.
- Gera tillögur um úrbætur og breytingar byggt á ábendingum IER.
- Önnur verkefni tengd ábendingum IER.
- Annað.

IER hefur nú farið yfir viðbrögðin og þau gögn sem bárust fékk að auki ítarlega kynningu á hinu nýja grunnskólalíkani sem ber heitið Edda.

2 MEGINNIÐURSTÖÐUR

Af 24 ábendingum sem settar voru fram í úttektinni árið 2019 er ellefu ábendingum nú lokað og úrbætur vegna tólf ábendinga eru í vinnslu. Að mati IER er úrbótum hins vegar ekki lokið vegna einnar ábendingar og er hún því ítrekuð. Var ábendingin áhættuflokkuð gul árið 2019. Niðurbrot á stöðu ábendinga má sjá í töflu 2 hér að neðan. Í kafla þrjú er að finna ítarlegra yfirlit um ábendingarnar, viðbrögð ábyrgðaraðila hjá SFS og mat IER á stöðu ábendinga.

<i>Staða ábendinga 2022</i>	
<i>Lokað</i>	11
<i>Í vinnslu</i>	12
<i>Ítrekaðar</i>	1
Útistandandi	1
<i>Niðurstaða eftirfylgni 2022</i>	
<i>Lítill áhætta</i>	1
<i>Nokkur áhætta</i>	0
<i>Mikil áhætta</i>	0
Útistandandi	1

Tafla 2: Niðurstaða eftirfylgni 2022.

Við yfirferð á viðbrögðum við eftirfylgnina má greina að ráðist hefur verið í úrbótavinnu á ýmsum þáttum. Frá þeim tíma sem að skýrslan kom út hafa t.a.m. starfstöðvar eins grunnskóla sem rekinn var á tveimur starfsstöðum verið sameinaðar í eina og nýtt reiknilíkan til úthlutunar fjármagns til grunnskóla var tekið í gagnið þann 1. janúar 2022. Tekur það við af gömlu líkani sem var komið til ára sinna. Snertifletir hins nýja reiknilíkans hvað úrvinnslu ábendinga eru nokkrar og þar er ábendingum í sumum tilfellum lokað en í öðrum tilfellum eru þær í vinnslu þar sem nýtt reiknilíkan tók nýlega gildi og því er ekki í öllum tilvikum komin reynsla á úrbótavinnuna.

Nánari upplýsingar um ábendingarnar er að finna í kafla 3.

Fjöldi og staða ábendinga 2022

 11 lokið	 12 í vinnslu	 1 útistandandi
Aðgerðir stjórnenda innleiddar að fullu. Eftirfylgni IER lokið.	Aðgerðir stjórnenda innleiddar að hluta. IER mun fylgjast með framgangi ábendingar.	Aðgerðir stjórnenda ekki hafnar. Ábending fer á lista til endurskoðunarnefndar.

3 STAÐA ÁBENDINGA 2022

Ábendingar úr skýrslu IER frá 2019 sem fylgt er eftir	Áb. nr. Bls.	Ábyrgðaraðilar	Viðbrögð ábyrgðaraðila 2022	Mat IER 2022	Áhættu flokkun 2019	Niðurstaða eftirfylgni 2022
Kafli 4.1 Samanburður úthlutunar Greina þarf hvaða ástæður liggja að baki framúrkeyrslu grunnskóla á fjárhagsáætlun.	Nr. 1 Bl. 11	SFS	Fyrir liggja frávíkaskýrslur frá grunnskólum. Hluta frávika má rekja til þátta sem eru á takmörkuðu forræði stjórnenda grunnskóla. Nýtt grunnskólalíkan (Edda) var samþykkt haustið 2021 og gildir frá og með almanaksárinu 2022. Fjárheimildir eru auknar um 1,5 ma.kr. sem byggir að talsverðu leyti á raunkostnaði sl. 3ja ára. Líkanið byggir almennt á ásættanlegri stærð skóla þ.e. hvað geta bekkir orðið stórir. Það er menntafagleg ákvörðun. Samhliða nýju líkani var samþykkt nýtt regluverk um eftirfylgni og frávíkagreiningu. Allir borgarrekni grunnskólar fá nú skipaðan fjármálaráðgjafa en nokkrir hafa verið með eigin fjármálasérfræðing og nokkrir án fjármálaráðgjafa. Á árunum 2020 og 2021 hefur sviðið verið að glíma við afleiðingu heimsfaraldurs með auknum kostnaði vegna hólfunar, smitvarna. Þar er fylgt kröfum stjórnvalda, almannavarna. Tekist hefur að halda uppi eðlilegu skóla- og frístundastarfi að mestu við þessar flóknu aðstæður. Auk heimsfaraldurs hefur sviðið glímt við myglu í húsnæði, veikindi og undirfjármagnaðan sértækan stuðning.	Að mati IER eru þær aðgerðir sem ráðist hefur verið í skref í rétta átt til þess að ná samræmi á milli úthlutunar til einstakra grunnskóla og rekstrarniðurstöðu þeirra. Þó er ljóst að um kefjandi verkefni er að ræða og mikilvægt er að það fjármagn sem veitt er til grunnskóla sé í samræmi við þá þörf sem nýtt úthlutunarlíkan gerir ráð fyrir. Auk þess er mikilvægt að stjórnendur grunnskólanna reki þá vel og í samræmi við þær forsendur sem lagt er upp með hverju sinni. Nýtt reiknilíkan tók gildi 1. janúar 2022 og því á eftir að koma reynsla á breytinguna.	Lítill áhætta	Í vinnslu

Ábendingar úr skýrslu IER frá 2019 sem fylgt er eftir	Áb. nr. Bls.	Ábyrgðaraðilar	Viðbrögð ábyrgðaraðila 2022	Mat IER 2022	Áhættu flokkun 2019	Niðurstaða eftirfylgni 2022
Kafli 4.1 Samanburður úthlutunar Í framhaldi af greiningu á framúrkeyrslu grunnskóla þarf að grípa til viðeigandi mótvægisáðgerða.	Nr. 2 Bls. 11	SFS	Mótvægisáðgerðir felast í endurnýjun á reiknilíkani sem gerir tillögur um fjárheimildir. Líkanið sem slíkt er þó ávallt reiknilíkan og byggir á ákvörðunum sem teknar eru um forsendur sem reiknað er útfra. Nýtt regluverk um eftirlit og frávíkaskýrslur tiltekur strangt aðhald (sjá reglurnar). Árið 2020 var lágmarksfjárhæð sem þurfti heimild fjármálastjóra til útgjalda lækkuð úr 500 þús. kr. í 200 þús. kr. Sú regla er enn í gildi.	Mótvægisáðgerðir hafa m.a. falist í endurnýjun á reiknilíkani sem tók gildi 1. janúar 2022. Nýtt regluverk um eftirlit og frávíkaskýrslur hefur einnig verið samþykkt af borgarráði. Í reglunum kemur fram að stjórnendur skuli gera grein fyrir frávikum frá fjárhagsáætlun með frávíkaskýrslu sem stjórnendur skilar þrisvar á ári. Í reglunum er nánari lýsing á því ferli sem á sér stað þegar stofnanir eru með yfir 2% og svo yfir 3% halla umfram fjárhagsáætlun.	Lítill áhætta	Lokið
Kafli 4.2 Úthlutunarlíkanið SFS ætti að skoða þann möguleika að búa til ný líkön fyrir úthlutun fjárhagsramma grunnskólanna alveg frá grunni, helst með notkun tölvukerfis sem ætlað er til slíkrar áætlunargerðar.	Nr. 3 Bls. 12	SFS	Vinnu við gerð nýja reiknilíkansins er lokið. Líkanið var samþykkt í borgarráði í lok september 2021 og tekur gildi 1. janúar 2022.	Að mati IER hefur verið gripið til viðeigandi mótvægisáðgerða með innleiðingu á nýju reiknilíkani og reglum um eftirlit með rekstri. Nýtt líkan tók gildi 1. janúar 2022.	Lítill áhætta	Lokið
Kafli 4.2 Úthlutunarlíkanið SFS þarf að gera ráðstafanir til að þjálfa staðgengil fyrir umsjónarmann úthlutunarlíkans.	Nr. 4 Bls. 13	SFS	Þrír sérfræðingar úr fjármáladeild SFS unnu hryggjarstykkið við gerð nýja reiknilíkansins ásamt tveimur fjármálasérfræðingum úr fjármála- og áhættustýringarsviði borgarinnar. Þekking er því til staðar og ekki bundin við umsjónarmann. Þá er eignarhald nýja líkansins hjá FAS. Þetta hefur þýtt að þekking og skilningur á grunnskólarekstri er til staðar á SFS og FAS.	Að mati IER hafa verið gerðar ráðstafanir til þess að tryggja að þekking á nýju reiknilíkani einskorðist ekki lengur við einn starfsmann.	Möguleg áhætta	Lokið

Ábendingar úr skýrslu IER frá 2019 sem fylgt er eftir	Áb. nr. Bls.	Ábyrgðaraðilar	Viðbrögð ábyrgðaraðila 2022	Mat IER 2022	Áhættu flokkun 2019	Niðurstaða eftirfylgni 2022
Kafli 4.3 Launakostnaður SFS þarf að yfirfara töflu um grunn útreiknings á nemendatengdum stöðugildum með tilliti til breyttrar mannaflaþarfar skólanna.	Nr. 5 Bls. 14	SFS	Nýja reiknilíkanið byggir í grunninn á fjölda bekkjardeilda en ekki línulegri tengingu við fjölda nemenda.	Búið er að yfirfara nemendatengd stöðugildi í nýju líkani. Þar er t.d. gert ráð fyrir fullu starfi rekstrarstjóra/húsvaðar og matráðs. Sum störf eru enn reiknuð út frá nemendafjölda eins og starf á bókasafni og námsráðgjafa og hefur hlutfall við útreikning þeirra starfa ekki tekið miklum breytingum. Hins vegar hefur stöðugildum almennra starfsmanna pr. fjölda nemenda verið hækkað úr 0,01329 og 0,01440 í 0,0220. Hins vegar var sú leið ekki farinn að gera ráð fyrir iðjuþjálfra, þroskaþjálfra eða öðrum slíkum stöðugildum þar sem ætlunin er að slík þjónusta verði unnin í meira mæli í samvinnu með þjónustumiðstöðvum. Nýtt reiknilíkan tók gildi 1. janúar 2022 og því á eftir að koma reynsla á breytinguna.	Möguleg áhætta	Í vinnslu
Kafli 4.4 Yfirvinna SFS þarf að greina ástæður þess að yfirvinna í grunnskólum er mun hærri en gert er ráð fyrir í úthlutunarlíkani fyrir grunnskóla og í framhaldi af því gera ráðstafanir til úrbóta.	Nr. 6 Bls. 14	SFS	Nýtt líkan gerir ekki ráð fyrir að kennsla byggir á yfirvinnu en það er á forræði skóla hvort yfirvinna hentar betur. Fjárhæmildir í afleysingar vegna veikinda eru í nýju líkani hækkaðar og bæta allt að 7% veikindahlutfall. 3,5% er úthlutað til skólanna og 3,5% eru í miðlægum sjóði og úthlutað í samræmi við óskir um viðbótarframlag umfram 3,5% veikindi. Í eftirlitsþætti í nýjum reglum er óskað eftir yfirvinnuskýrslu. Tilgangurinn er að útiloka órókstudda yfirvinnu. Rétt er að hafa í huga að það getur verið fýsilegra að greiða yfirvinnu en að ráða í stöðugildi sem er frá vegna veikinda (uppsagnar-frestur/hlutastörf). Nýráðningar eru viðkvæmari en að leysa forföll með yfirvinnu sem má leggja af fyrirvaralaust.	Hluti af veikindaafleysingum hefur verið greiddur með yfirvinnu í stað þess að ráða inn nýja starfsmenn. Nýtt reiknilíkan gerir ekki ráð fyrir því að kennsla byggir á yfirvinnu en það er á forræði skóla hvort yfirvinna hentar betur en að ráða nýjan starfsmann. Einn af eftirlitsþáttum í nýjum reglum er að óskað er eftir yfirvinnuskýrslu. Að mati IER er unnið að úrbótum til þess að draga úr yfirvinnu og tryggja að hún sé þá rökstudd ef henni er fyrir að fara. Það er ekki komin reynsla á framkvæmdina þar sem reiknilíkanið var innleitt 1. janúar 2022.	Lítill áhætta	Í vinnslu

Ábendingar úr skýrslu IER frá 2019 sem fylgt er eftir	Áb. nr. Bls.	Ábyrgðaraðilar	Viðbrögð ábyrgðaraðila 2022	Mat IER 2022	Áhættu flokkun 2019	Niðurstaða eftirfylgni 2022
Kafli 4.5 Sérkennsla Við úthlutun fjármagns vegna barna sem þarfnast sérkennslu og stuðnings þarf að fara eftir faglegu mati SFS á þörf þessara barna.	Nr. 7 Bls. 16	SFS	Tillögur um skiptingu á fjárheimildum til sérkennslu og stuðnings fara eftir faglegu mati. Endanleg úthlutun er síðan hlutfall af þeim fjárheimildum sem SFS hefur fyrir málaflokkinn. Nýtt líkan eykur ekki fjárheimildir. Stuðningspottur er lagður niður og fjármagni er dreift beint til stofnana að mestu. M.a. er tekið tillit til lýðfræðibreyta (LOI).	Þrátt fyrir að nýtt reiknilíkan hafi verið innleitt 1. janúar 2022 þá eykur það ekki fjárheimildir. Hins vegar gerir nýja reiknilíkanið ráð fyrir breyttri aðferðarfræði við stjórnun og framkvæmd sérkennslu og stuðnings þar sem áhersla er lögð á að greina á milli kennslu og stuðnings við daglegar þarfir. Í nýja líkaninu er dregið úr vægi greininga við úthlutun fjármagns til skóla. Úthlutun vegna almennrar sérkennslu á að ná til allra nemenda skólans í nýja líkaninu og er stuðull til útreiknings hæstur fyrir yngstu nemendurna. Með því móti er reynt að stuðla að snemmtækri íhlutun. Hvað sértækan stuðning varðar verður um sértæka úthlutun að ræða þar sem fagskrifstofa grunnskóla Reykjavíkurborgar metur þörf á stuðningi og er nemendum svo skipt í fjóra flokka eftir þjónustuþyngd. Gildistaka breytinganna var 1. janúar 2022 og því á eftir að koma reynsla á breytinguna.	Möguleg áhætta	Í vinnslu

Ábendingar úr skýrslu IER frá 2019 sem fylgt er eftir	Áb. nr. Bls.	Ábyrgðaraðilar	Viðbrögð ábyrgðaraðila 2022	Mat IER 2022	Áhættu flokkun 2019	Niðurstaða eftirfylgni 2022
Kafli 4.7 Sérfræðipjónusta í skólum – skólaþjónusta Skoða ætti að störf sérfræðinga þjónustumiðstöðva séu í ríkara mæli unnin innan veggja grunnskólanna, ellegar að skoða hvort ástæða er til að bæta stöðugildi sérfræðings (sálfræðings/félagsráðgjafa/hegðunarráðgjafa) inn í nýtt úthlutunarlíkan fyrir grunnskólana.	Nr. 8 Bls. 20	SFS	Verið er að endurskoða skipulag á hlutverki þjónustumiðstöðva gagnvart grunnskólum. Skipulaginu hefur þegar verið breytt í einu hverfi og var reynslan af því góð. Fyrir liggur að gerð verði sú breyting á skipuriti skóla- og frístundasviðs að í hverjum borgarhluta verði skóla- og frístundasvið með skrifstofu sem sinnir beinni skóla- og frístundaþjónustu við leikskóla, grunnskóla, frístundamiðstöð, frístundaheimili, félagsmiðstöðvar og skólahljómsveitir. Hún ber ábyrgð á og annast meðferð og úrlausn einstaklingsmála, stuðningi við starfsfólk og stjórnendur og í samstarfi starfsfólk þjónustumiðstöðvar (sjá nánar sameiginlegar tillögur skóla- og frístundasviðs og velferðarsviðs). Þá mun skrifstofan taka virkan þátt í styrkingu félagsauðs í borgarhlutanum. Skrifstofur skóla- og frístundasviðs í hverjum borgarhluta taki við hluta af þeim verkefnum sem nú er sinnt á miðlægri skrifstofu skóla- og frístundasviðs. Í nýju reiknilíkani er gert ráð fyrir sérstökum stjórnanda sérkennslu og stuðnings.	Unnið er að því endurskoða skipulag á hlutverki þjónustumiðstöðva gagnvart grunnskólum með þeim hætti að í hverjum borgarhluta verði SFS með skrifstofu sem sinnir beinni þjónustu, m.a. til grunnskóla (Betri borg fyrir börn). Skrifstofurnar munu bera ábyrgð á og annast meðferð og úrlausn einstaklingsmála í samstarfi við starfsfólk þjónustumiðstöðva. Tilgangur verkefnis er m.a. sá að samhæfa skóla- og velferðarþjónustu þannig að hún mæti betur þörfum við börn, ungmennti og fjölskyldur þeirra. Er þar meðal annars átt við að færa þjónustu sálfræðinga, félagsráðgjafa og hegðunarráðgjafa nær skólastarfinu. Unnið hefur verið eftir slíku skipulagi sem þróunarverkefni í einu hverfi borgarinnar. Í nýju reiknilíkani er gert ráð fyrir sérstökum stjórnanda sérkennslu og stuðnings. Að mati IER er hér leitast við að mæta þeirri þörf sem er fyrir slíka þjónustu innan grunnskóla Reykjavíkurborgar án þess þó að færa stöðugildi sérfræðinga eins og sálfræðinga og hegðunarráðgjafa beint inn í nýja úthlutunarlíkanið. Sérstakur stjórnandi sérkennslu og stuðnings mun hins vegar koma að því að meta þörfina fyrir aðkomu slíkra sérfræðinga hverju sinni.	Lítill áhætta	Í vinnslu
Kafli 4.8 Annar rekstrarkostnaður SFS ætti að skoða hvort hægt sé að koma á aukinni skilvirkni og betri viðbrögðum við ábendingum skólastjórnenda um bilanir í húsnæði t.d. er varðar rafmagn og hitaögnir.	Nr. 9 Bls. 21	SFS	SFS hefur rætt við USK um aukna skilvirkni er varðar tæknileg úrlausnarefni í skólahúsnæði. SFS er leigutaki húsnæðis og USK fulltrúi leigusala (eignaskrifstofu FAS). Stöðugt samráðsferli er í gangi við USK. Framundan er veruleg aukning fjárheimilda til viðhalds húsnæðis borgarinnar. SFS óskar eftir því að sérstakur verkefnisstjóri verði skipaður til að stýra verkefnum sem farið verður í.	SFS og USK funda reglulega um málefnið. Vonir standa til að aukið fjármagn í þennan málaflokk auki skilvirkni hvað úrlausnir varðar vegna bilana í rafmagni, hitaögnum og þess háttar tæknilegum atriðum.	Lítill áhætta	Í vinnslu

Ábendingar úr skýrslu IER frá 2019 sem fylgt er eftir	Áb. nr. Bls.	Ábyrgðaraðilar	Viðbrögð ábyrgðaraðila 2022	Mat IER 2022	Áhættu flokkun 2019	Niðurstaða eftirfylgni 2022
Kafli 4.8 Annar rekstrarkostnaður Endurskoða þarf viðmið í töflu sem liggur til grundvallar „öðrum rekstrarkostnaði“ og taka þá meðal annars tillit til þess að grunnurinn hefur ekki fylgt vísitölubreytingum að fullu frá árinu 2009.	Nr. 10 Bls. 21	SFS	Nýtt reiknilíkan mun ávarpa forsendur annars rekstrarkostnaðar.	Eins og fram kom í skýrslu IER þá kom fram að þau viðmið sem lágu til grundvallar "öðrum rekstrarkostnaði" höfðu ekki fylgt vísitölubreytingum að fullu frá árinu 2009 og að endurskoða þyrfti þau. Við endurskoðun þessara viðmiða var sú leið farin hjá SFS að skoða raunrekstur skólanna undanfarin ár. Var þar litið til útgjalda skólanna á árunum 2017 til 2019 og var fundinn meðalkostnaður pr. nemenda fyrir mismundandi stærðarflokka grunnskóla. Nýtt reiknilíkan á því að endurspegla raunkostnað vegna annars rekstrarkostnaðar hjá grunnskólunum síðastliðinn þrjú ár. Gert er ráð fyrir því að 12% fjárheimilda til annars rekstrarkostnaðar verði dreift samkvæmt LOI stuðlinum (e. Learning Opportunity Index). Að mati IER hafa viðmið sem liggja til grundvallar á öðrum rekstrarkostnaði verið endurskoðuð í nýju reiknilíkani sem tók gildi 1. janúar 2022.	Möguleg áhætta	Lokið
Kafli 5.1 Mötuneyti grunnskólanna Skólastjórnendur þurfa að skoða hvað er hagkvæmasta fyrirkomulag skólamáltíða.	Nr. 11 Bls. 25	Skólastjórnendur	Yfirstjórn borgarinnar hefur ráðið verkefnisstjóra til að stýra innleiðingu matarstefnu borgarinnar. Ekki er búið að kostnaðarmeta matarstefnuna en innleiðingu er ólokið. Ætla má að innleiðing og kostnaðarmat verði unnið á næstunni með tilkomu verkefnisstjóra.	Að mati IER er um sífelluverkefni að ræða þar sem skólastjórnendur þurfa að vera vakandi fyrir því að valin sé hagkvæmasta leið máltíða hverju sinni þannig að ekki sé halli af rekstri mótuneyta.	Lítill áhætta	Í vinnslu
Kafli 5.2 Möguleikar á hagræðingu Fara þarf fram ítarleg skoðun á möguleikum þess að sameina starfsstöðvar Kelduskóla í eina starfsstöð sem staðsett væri í Vík.	Nr. 12 Bls. 26	SFS/borgarstjórn	Skipulag skóla í norðanverðum Grafavogi var endurskoðað og starfsemin sameinuð í þrem húsum. Korpuskólahúsi var skilað til FAS.	Kelduskóla Korpu hefur verið lokað og Korpuskólahúsi skilað til FAS.	Möguleg áhætta	Lokið
Kafli 5.2 Möguleikar á hagræðingu Skoða þarf möguleika á hagræðingu í Hamraskóla.	Nr. 13 Bls. 26	SFS/borgarstjórn	Hamraskóli er lítill skóli en uppbygging í Bryggjuhverfi mun væntanlega leiða til fjölgunar nemenda. Ávallt þarf að endurmeta starfsemi lítilla skóla. Litlir skólar eru hlutfallslega dýrari vegna fasts kostnaðar. Það er hagkvæmt að fækka litlum skólum og bjóða skólaakstur.	Samkvæmt svörum SFS er stöðugt verið að skoða og meta skipulag grunnskóla. Uppbygging á sér nú stað í Bryggjuhverfi og kann fjölgun íbúa þar og í nýju nærliggjandi hverfi að leiða til fjölgunar á nemendum í Hamraskóla.	Lítill áhætta	Lokið

Ábendingar úr skýrslu IER frá 2019 sem fylgt er eftir	Áb. nr. Bls.	Ábyrgðaraðilar	Viðbrögð ábyrgðaraðila 2022	Mat IER 2022	Áhættu flokkun 2019	Niðurstaða eftirfylgni 2022
Kafli 5.3 Árangursstjórnun SFS þarf að skoða hvort breyta eigi sérreglu sviðsins um þak (2%) á flutning fjárheimilda á milli ára á grunni greinar 3.4 í reglum Reykjavíkurborgar um gerð fjárhagsáætlunar.	Nr. 14 Bls. 28	SFS	Yfirfærslu halla og afgang vegna áranna 2019 og 2020 var felld niður. Reiknað er með að halla/afgangur vegna 2021 færist yfir áramót. Ákvörðunin um meðferð halla og afgang er ekki á forræði SFS. Í borgarstjórabréfi með nýju úthlutunarlíkani er hvati sem gerir ráð fyrir að verði grunnskólar innan fjárhagsáætlunar 2022 og 2023 þá falli halli 2021 niður en færist yfir til 2024 að öðrum kosti. Hugsun með hámarki á yfirfæranlegum halla og afgangi er að íþyngja ekki starfsstöðum í halla með því sem stjórnendur upplifa óleysanlegan. Einnig er hugsunin að fyrirbyggja að of mikill afgangur leiði ekki til minni þjónustu.	Regla um halla og afgang árið var felld niður árin 2019 og 2020. Engin endurskoðun hefur þó farið fram og reglan er ennþá í gildi þó búið sé að aftengja hana og engin ákvörðun hefur verið tekin um að breyta þeim.	Lítill áhætta	Lítill áhætta
Kafli 6 Ábendingar til einstakra skóla Tryggja þarf að langtímaeigindi séu skráð með réttum hætti.	Nr. 15 Bls. 29	Skólastjórnendur	Áréttað var á skólastjórastjórafundi að skólastjórar fylgi eftir réttum skráningum gangvart launaskrifstofu FAS. Unnið er að endurskipulagningu í launadeild hjá FAS. Tilgangurinn er að bæta þjónustu deildarinnar. Skólar hafa skráð verkefnanúmer en þau í einhverjum tilfellum ekki verið skráð í launadeild.	Unnið er að úrbótum.	Lítill áhætta	Í vinnslu
Kafli 6 Ábendingar til einstakra skóla Einn skóli ætti að skoða hvort mögulegt er að ná meiri hagkvæmni við að gefa nemendum að borða í hádeginu.	Nr. 16 Bls. 29	Skóli	Skólinn er þegar kominn með aðkeyptan mat enda ekki hagkvæmt að reka eldhús fyrir svo fámennan skóla. Aðkeyptur matur fyrir skólann kostar svipað og rekstur mótuneytis. Hugsanleg forföll matræðs gera aðkeyptan mat hagstæðari.	Að mati IER hefur ábendingunni verið komið á framfæri og er henni nú lokað.	Lítill áhætta	Lokið
Kafli 6 Ábendingar til einstakra skóla Skoða þarf hvort hægt sé að ná meiri hagkvæmni í rekstri mótuneytis skólans.	Nr. 17 Bls. 29	Skóli	Búið er að loka eldhúsi Korpuskóla og skólanum í heild.	Ábendingu lokað.	Lítill áhætta	Lokið

Ábendingar úr skýrslu IER frá 2019 sem fylgt er eftir	Áb. nr. Bls.	Ábyrgðaraðilar	Viðbrögð ábyrgðaraðila 2022	Mat IER 2022	Áhættu flokkun 2019	Niðurstaða eftirfylgni 2022
Kafli 6 Ábendingar til einstakra skóla Greina þarf hvað veldur miklum veikindaforföllum í skólanum og í framhaldinu bregðast við niðurstöðu greiningarinnar til að reyna að draga úr forföllum og kostnaði vegna þeirra.	Nr. 18 Bls. 29	Skóli	Skólinn hefur tekið virkan þátt í heilsuefandi verkefnum borgarinnar og væntir þess að árangur þeirra verkefna fari að skila sér í minni forföllum. Mikil vinna hefur verið hjá RVK undanfarin ár til þess að draga úr veikindum. Viðverustefna var unnin og innleitt á alla starfsstaði með öflugri fræðslu og stuðningi. Lögð var áhersla á að stjórnendur hefðu greiðari aðgang að upplýsingum um veikindi á sínum vinnustað og hefur Qlicksense verið nýtt í það. Öflugt heilsuáttak var sett á laggirnar með mikilli fræðslu og stuðningi við starfsfólk. Þá voru sérstök verkefni á SFS eins og t.d. Velliðan á vinnustað sem m.a. höfðu það verkefni að draga úr veikindum. Þá má einnig nefna styttingu vinnuvikunnar en tilraunaverkefni sýndu að það dró úr veikindum á þeim starfsstöðum þar sem styttingin var.	Verulegur ávinningur hefur náðst í skólanum. Veikindahlutfall árið 2020 var 5,00% og þar af voru langtímaveikindi 1,38%. Veikindaviðmið Reykjavíkurborgar var 5,8% á sama tíma og því var skólinn undir þeim viðmiðum. Skólinn hefur einnig tekið virkan þátt í heilsuefandi verkefnum borgarinnar og þess er vænst að árangur þeirra verkefna fari að skila sér í minni forföllum.	Möguleg áhætta	Lokið
Kafli 6 Ábendingar til einstakra skóla SFS þarf að tryggja að leiðréttingar á fjárveitingum og framlögum til grunnskóla séu ávallt gerðar á því tímabili sem þær sannanlega tilheyra.	Nr. 19 Bls. 29	SFS	Fjármáladeild hefur átt viðræður við FAS um lotun á viðaukum við fjárheimildir. Lotun hefur lagast og reikningsskil þar með.	Unnið er að úrbótum en verkefnið er þó þess eðlis að það verður að teljast viðvarandi verkefni.	Lítill áhætta	Í vinnslu
Kafli 7 Viðhald á skólahúsnæði Tryggja þarf að viðhald á grunnskólahúsnæði sé fullnægjandi svo starfsumhverfi nemenda og starfsmanna sé gott.	Nr. 20 Bls. 31	SFS/USK	Fyrirliggjandi eru úttektir á húsnæði grunnskóla og viðhaldspörfinni. SFS mun ræða við USK hvernig viðhald verði tryggt.	Á fundi borgarráðs þann 4. nóvember 2021 var samþykkt að ráðast í viðhaldsáttak á húsnæði leikskóla, grunnskóla og frístundar. Áætlað er að verja um 25 ma. kr. til verkefnisins á næstu 5-7 árum. Að mati IER er unnið að úrbótum hvað viðhald á skólahúsnæði varðar til þess að tryggja fullnægjandi starfsumhverfi en ætla má að það taki nokkur ár að vinna upp þá viðhaldspörf sem myndast hefur hvað skólahúsnæði varðar.	Möguleg áhætta	Í vinnslu

Ábendingar úr skýrslu IER frá 2019 sem fylgt er eftir	Áb. nr. Bls.	Ábyrgðaraðilar	Viðbrögð ábyrgðaraðila 2022	Mat IER 2022	Áhættu flokkun 2019	Niðurstaða eftirfylgni 2022
Kafli 8 Annað Nýta þarf möguleika fjárhagsbókhalds til nákvæmrar skráningar verkefna, meðal annars færa almenna sérkennslu á verkefnisnúmer M020 og sértæka sérkennslu á M023.	Nr. 21 Bls. 31	Skólastjórnendur	Verið er að endurskipuleggja skráningu á sérkennslu og stuðnings með það að leiðarljósi greina á milli kennslu og stuðnings við daglegar þarfir.	Enn felast tækifæri í nýtingu verkefnanúmera við skráningu sérkennslu þar sem hluti sértækrar sérkennslu virðist enn bókuð á verkefnanúmerið M020 almenn sérkennsla. Að mati IER er unnið að úrbótum hvað þetta varðar.	Lítill áhætta	Í vinnslu
Kafli 8 Annað Vanda þarf til færslu bókhalds svo það gefi rétta mynd af rekstri, meðal annars með því að færa á rétta bókhaldslykla, verkefnisnúmer og kostnaðarstaði, auk þess að færa reikninga á rétt rekstrartímabil.	Nr. 22 Bls. 33	Skólastjórnendur	Hér er um að ræða verkefni þar sem samræma þarf verklag milli bókhaldsdeildar FAS og skólastjórnenda. Í grunninn þurfa skólastjórnendur að geta treyst að reikningar séu heimfærðir á rétta bókhaldslykla, verkefnisnúmer og kostnaðarstaði í samræmi við almennar reglur borgarinnar. Ekki hefur verið vilji hjá FAS til að skipa SFS ákveðinn starfsmann til að bókunartillögur séu samræmdar. Ábyrgðin er eigi að síður samþykkjandans (skólastjórans). Unnið hefur verið að fækkun/læsingu bókhaldslykla þannig að bókun sé skýrari.	Þörf er á að bæta þekkingu samþykkjenda og bókara á bókhaldslyklum, t.d. með námskeiði, með það að leiðarljósi að sameiginlegur skilningur ríki hvað bókun reikninga varðar. Að mati IER er um viðvarandi verkefni að ræða sem byggir meðal annars á reglulegri fræðslu, m.a. til samþykkjenda reikninga.	Lítill áhætta	Í vinnslu
Kafli 8 Annað Gæta þarf þess að allar leiðréttingar og framlög til grunnskólanna bókist á rétt rekstrarár svo reikningar viðkomandi skóla sýni rétta niðurstöðu.	Nr. 23 Bls. 33	SFS	SFS hefur lagt áherslu á rétta lotun á viðaukum við fjárheimildir. Það liggur nú fyrir að FAS lokar á ákveðnum tíma fyrir bakfærslur á fyrra rekstrarár.	Það er viðvarandi verkefni að tryggja rétta lotun á leiðréttingum og framlögum til grunnskóla hverju sinni. Ábendingunni hefur verið komið á framfæri en henni er nú lokað.	Lítill áhætta	Lokað
Kafli 8 Annað SFS ætti að skoða hvort mögulegt er að bæta áætluðum leiðréttingum við mánaðarskýrslu grunnskóla til að auðvelda skólastjórnendum að sjá raunverulega rekstrarstöðu skólans.	Nr. 24 Bls. 34	SFS	SFS getur vissulega bætt við áætluðum viðaukum við fjárhagsáætlun. Það liggur samt fyrir að viðauki raungerist ekki fyrr en hann er samþykktur af borgarstjórn/borgarráði.	Ábendingunni hefur verið komið á framfæri en eins og fram kemur í svari SFS þá er það varhugavert að setja inn væntar fjárheimildir sem síðan fást e.t.v. ekki. Þar sem viðauki við fjárhagsáætlun raungerist ekki fyrr en hann er samþykktur af borgarstjórn/borgarráði þá getur reynst erfitt að koma þessu við. Ábendingunni er lokað.	Lítill áhætta	Lokið

VIÐAUKI 1 – ÁHÆTTUFLOKKUNARKERFI ÁBENDINGA IER

Áhættuflokkunarkerfi við mat á innra eftirliti

Í alþjóðlegum stöðlum um innri endurskoðun er mælt til þess að niðurstöður skuli bera með sér viðeigandi ábendingar og/eða aðgerðaáætlanir. Þannig segir í staðli 2410.A1:

Í lokamiðlun á niðurstöðum úttektarinnar skulu koma fram viðeigandi niðurstöður og viðeigandi ábendingar og/eða aðgerðaáætlanir. Eftir því sem við á ættu innri endurskoðendur að láta álit sitt í ljós. Álit skal taka mið af væntingum stjórnenda, stjórnar og annarra hagsmunaaðila og það skal styðja með nægjanlegum, áreiðanlegum, viðeigandi og gagnlegum upplýsingum.

IER hefur því flokkað ábendingar sínar um það sem betur má fara varðandi innra eftirlit, áhættustýringu og/eða stjórnarhætti í þrjú stig eftir alvarleika þeirra.

	Mikil áhætta	Meðal áhætta	Lítill áhætta
Viðmið			
Áhrif á fjárhagslega stöðu og/eða áreiðanleika gagna Hættan á fjárhagstjóni eða skorti á áreiðanleika gagna	Líkur eru á verulegum neikvæðum fjárhagslegum áhrifum, eða skorti á áreiðanleika gagna/upplýsinga í fjárhagsupplýsingakerfum	Líkur eru á neikvæðum fjárhagslegum áhrifum, eða skorti á áreiðanleika gagna	Takmarkaðar líkur á neikvæðum fjárhagslegum áhrifum, eða skorti á áreiðanleika gagna
Sviksemisáhætta Hættan á því að sviksemi eigi sér stað, t.d. vegna skorts á starfaaðgreiningu	Miklar líkur á verulegri skekkju, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, og/eða mikil tækifæri til sviksemi	Líkur á verulegri skekkju hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, og/eða tækifæri til sviksemi	Takmörkuð hættan á verulegri skekkju hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka
Innri reglur og skriflegar leiðbeiningar Stefnur, verklagsreglur, verkferlar og leiðbeiningar	Miklar líkur á verulegri skekkju, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, og/eða mikil tækifæri til sviksemi	Vantar mikilvæga þætti inn í ferla og reglur og/eða nokkuð um frávík frá fylgni við reglur	Tækifæri til að bæta ferla og reglur og/eða einstaka frávík frá fylgni við reglur
Ytri kröfur Lög, reglur, reglugerðir, leiðbeinandi tilmæli	Engin fylgni við lög og reglur eða tíð frávík	Nokkuð um frávík við fylgni við lög og reglur	Tækifæri til að bæta enn frekar fylgni við lög og reglur
Orðsporsáhætta Hættan á því að orðspor laskist	Miklar líkur á neikvæðri opinberri umfjöllun	Líkur á neikvæðri opinberri umfjöllun	Takmarkaðar líkur á neikvæðri opinberri umfjöllun
Tímafrestur viðbragða			
Meginregla tímaramma en frá honum geta verið eðlileg frávík ákveðin í hverju tilviki fyrir sig, til dæmis ef flækjustuðull viðbragða er mikill	Sem fyrst, innan 3ja mánaða	Innan 6 mánaða	Innan 12 mánaða